

Fundargerð:

Samstarfsnefnd Dalabyggðar og Húnaþings vestra

Samstarfsnefnd Dalabyggðar og Húnaþings vestra kom saman til 3. fundar þann 30. júlí 2025 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu:

- Ingibjörg Þórunna Steinudóttir frá Dalabyggð
- Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Dalabyggð
- Magnús Eðvaldsson, Húnaþingi vestra
- Magnús Magnússon, Húnaþingi vestra
- Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggðar
- Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra
- Jón Hrói Finnsson, KPMG
- Lilja Ósk Alexandersdóttir frá KPMG sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Skipun starfshópa

Farið yfir tillögur að skipun starfshópa sem og tillögur að formanni og ritara hvers hóps. Starfshópur um fjölskyldumál verði skipt í skóla- og tómastundamál og velferðarmál vegna fjölda fulltrúa í málaflokknum, tómstundamál fylgi skólamálum. Samþykkt.

2. Skipulag vinnustofu og staðsetning

Vinnustofa verður haldin á Borðeyri þann 26. ágúst 2025 kl. 16:30. Til skoðunar er að bjóða upp á rútuferð á staðinn.

Dagskrá vinnustofu verði stuttur inngangur og vinnustofa, leiðbeiningar verði sendar á þátttakendur fyrirfram sem og upplýsingaskjal um þá vinnu sem hefur farið fram í óformlegum viðræðum.

Sniðmát og verklag vegna vinnustofu kynnt. Samþykkt.

3. Greiðslur fyrir vinnustofu

Lagt til að greiðslur til þátttakenda á vinnustofu sem ekki eru starfsmenn sveitarfélaganna miðist við reglur Dalabyggðar um greiðslur til nefndarfulltrúa á almennum nefndarfundum. Samþykkt.

4. Tilboð í uppsetningu upplýsingavefsíðu

Lögð fram tilboð Netvöktun ehf. og Stefnu ehf. í uppsetningu á upplýsingavefsíðu. Ákveðið að taka tilboði Netvöktunar ehf. JHF falið að upplýsa aðilana um niðurstöðu nefndarinnar.

Næsti fundartími verði ákveðin í samráði við samstarfsnefnd.

Fundi slitið kl. 15:55.